



<b>Kennari:</b>	<b>Borgþór Helgason</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>BH</b>
-----------------	-------------------------	---------------	-----------

Samhliða áfangi: VOK 102 Æskileg námsönn: 5.

## Áfangalýsing

Að áfanganum loknum eiga nemendur að þekkja grundvalla r setningar streymisfræðinnar. Þeir skulu fá innsýn í hvernig vöki og gas hegða sér í hinum ýmsu lagnakerfum og vera færir um að framkvæma einfalda röra- og þrýstifallsútreikninga.

## Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja:

- öll helstu lagnaefni sem notuð eru í iðnaði og helstu notkunarsvið þeirra (stál, kopar, ál, plast)
- efnis- og stærðarval lagna m.t.t. tæringar, flutningsgetu (ryð, galvanísk tæring, kavítasjón)
- jafnstreymislíkingu fyrir massa og Bernoulli líkingu
- lagstreymi / iðustreymi, Reynolds tölu
- þrýstifall í lokum og búnaði (kv gildi)
- algengustu vökvadælur og mun á raðtengingu og hliðtengingu í lagnakerfi
- öryggiskröfur fyrir lagnakerfi vökva og gass
- þensluáhrif vegna hitabreytinga vökva og gass í lögnum
- helstu þéttiefni fyrir samsetningar fyrir mismunandi vökva og gas
- helstu lagnatákn fyrir vökva og gas
- helstu gerðir samsetninga

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta:

- valið hentugt lagnaefni út frá notkunarsviði með tilliti til vökva og umhverfis
- lagt einfalt rörakerfi úr stáli, eir og plastí
- notað línurit og töflur til að ákvarða innanmál lagna

34

- reiknað hraða vökva í lögnum út frá rúmtaki ( $l/m^3$ ) og þvermáli
- reiknað þrýstifall í röri með hjálp Bernoulli líkingar og Reynolds tölu
- notað línurit til að ákvarða Reynolds tölu
- reiknað / ákvarðað þrýstifall í einstökum lokum og tækjum út frá upplýsingum framleiðenda
- ákvarðað rörastærðir með einföldum útreikningum og með hjálp línurita (nomograma)
- valið dælu út frá rúmtaki, lyftihæð og öðrum gefnum forsendum
- valið hentugar röraupphengjur, þenslumúffur og slöngutengi
- notað handbækur

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
33-38	17 ágúst til 22 sept	Nemendur skoði öll helstu lagnaefni sem notuð eru í iðnaði og helstu notkunarsvið þeirra (stál, kopar, ál, plast) <ul style="list-style-type: none"> <li>- efnis- og stærðarval lagna m.t.t. tæringar, flutningsgetu (ryð, galvanísk tæring, kavítasjón)</li> <li>- jafnstreymislíkingu fyrir massa og Bernoulli líkingu</li> </ul>	Verkefnablöð um lagnaefni stærðarval þerra og flutningsgetu verkefni um Bernoulli líkingu
39-43	25 sept -27 okt	Nemendur skoða lagstreymi / iðustreymi, Reynolds tölu <ul style="list-style-type: none"> <li>- þrýstifall í lokum og búnaði (kv gildi)</li> <li>- algengustu vökvadælur og mun á raðtengingu og hliðtengingu í lagnakerfi</li> </ul>	Verkefna blöð um lagstreymi og iðusteimi, þrýstifall kv gildi í lagnakerfum. Verkefni um vökvadælur
44-46	30okt – 17 nov	Nemendur skoði öryggiskröfur fyrir lagnakerfi vökva og gass <ul style="list-style-type: none"> <li>- þensluáhrif vegna hitabreytinga vökva og gass í lögnum</li> <li>- helstu þéttiefni fyrir samsetningar fyrir mismunandi vökva og gas</li> </ul>	Verkefnablöð um öryggiskröfur í lagnakerfum, þensluáhrif vegna hitabreytinga í gass lögnum. Verkefni um þéttiefni og samsetningar

47-49	20nov -7des	Nemendur skoði helstu lagnatákn fyrir vökva og gas - helstu gerðir samsetninga	Verkefna blöð um lagnatákn og samsetningar
-------	-------------	---	--

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**